

Geðhjálp opnar upplýsingavef:

Betra aðgengi að upplýsingum

FRÆÐSLA Geðhjálp hefur opnað nýja vefsíðu þar sem aðgengilegar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir geðfatlaða og aðstandendur þeirra. Á vefsíðunni er safn greina og rannsókna um málefni geðfatlaðra auk upplýsinga um ráðstefnur og fundi sem tengjast málaflokknum. Vefurinn hefur fengið vottun um að standast kröfur um aðgengi fyrir heyrnarlausa, sjónskerta og hreyfihamlaða.

Engar reglur eru í gildi hérlandis um aðgengi að vefsíðum en víða er komið í lög að heimasíður opinberra stofnana og fyrirtækja eigi að vera aðgengilegar notendum, óháð fötlun eða getu. - 066